

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Ólafi Ísleifssyni um heimilislækna á Íslandi og ráðningar heilsugæslulækna á landsbyggðinni.

1. *Hvert er hlutfall heimilislækna af öllum læknum á Íslandi borið saman við aðildarriki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD)?*

Rétt er að taka fram að alltaf þarf að hafa nokkurn fyrirvara á tolum um fjölda starfandi lækna. Útgefnar tölur embættis landlæknis um fjölda starfandi lækna byggjast á ákveðinni nálgun þar sem ekki er vitað nákvæmlega hvaða læknar eru starfandi hér á landi, hverjir starfa erlendis og hvort einhverjir menntaðir læknar starfa við annað en lækningarár. Gengið er út frá því í útgefninum tolum um „fjölda starfandi“ að þeir læknar séu starfandi sem eru með almennt lækningaleyfi, 70 ára og yngri í árslok hvers árs og með lögheimili á Íslandi. Þrátt fyrir að þetta sé nálgun þá eru þetta engu að síður opinberar tölur sem m.a. eru sendar í alþjóðlega gagnagrunna.

Einnig er vert að hafa í huga þegar tölur um fjölda starfandi lækna eftir tilteknum sérgreinum eru teknar saman að embætti landlæknis hefur sett sér það viðmið að ef læknir er með fleiri en eina skráða sérgrein þá er nýjasta sérgreinin valin og ef læknir er með tvær eða fleiri skráðar sérgreinar sem dagsettir eru sama dag þá er suð sérgrein valin sem talin er sértækari. Mjög mikilvægt er að tölur um fjölda starfandi lækna séu ekki settar fram án þeirra skýringa sem nefndar eru hér að framan.

OECD birtir einungis tölur um heildarfjölda starfandi lækna á hverja 1.000 íbúa í riti sínu „Health at a Glance“. Það kom síðast út árið 2017. Þar er ekki að finna tölur um starfandi heimilislækna. Eins og sjá má í töflu 8.3 í ritinu<sup>1</sup> eru flestir læknar starfandi á hverja 1.000 íbúa í Grikklandi eða 6,3. Meðaltal OECD-ríkjanna er 3,4 en á Íslandi voru 3,8 læknar starfandi á hverja 1.000 íbúa árið 2015. Fæstir eru læknar á hverja 1.000 íbúa í Indónesíu eða 0,3.

2. *Hver er fjöldi íbúa á hvern heimilislækni á Íslandi borið saman við Norðurlöndin?*

NOMESKO gefur árlega út ritið „Health Statistics for the Nordic Countries“. Það kom síðast út haustið 2017 og er þar m.a. að finna tölur um fjölda starfandi heimilislækna á Norðurlöndum árið 2015 og fjöldi íbúa á hvern heimilislækni. Árið 2015 var fjöldi íbúa á hvern heimilislækni mestur á Íslandi eða 1.732. Fæstir íbúar voru á hvern heimilislækni í Noregi, eða 795. Samanburð við Norðurlönd má sjá í töflu 5.4.3 í fyrrgreindu riti.<sup>2</sup>

3. *Hver hefur þróunin verið í fjölda fastráðinna heimilislækna á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og á heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni frá árinu 2010? Svar óskast sundurlíðað eftir árum.*

Til að afla svars við þessum lið fyrirspurnarinnar og 4. og 5. tölul. sendi velferðarráðuneytið töflu til útfyllingar til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Heilbrigðisstofnunar Vest-

<sup>1</sup> [https://read.oecd-ilibrary.org/social-issues-migration-health/health-at-a-glance-2017\\_health\\_glance-2017-en#page153](https://read.oecd-ilibrary.org/social-issues-migration-health/health-at-a-glance-2017_health_glance-2017-en#page153)  
<sup>2</sup> <http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:1148509/FULLTEXT05.pdf>

urlands, Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, Heilbrigðisstofnunar Austurlands, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Þrátt fyrir ítrekað erindi barst ekki svar frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Upplýsingar um þau atriði sem spurt er um í 3.–5. tölul. má finna í fylgiskjali.

Eins og sést í töflu í fylgiskjali er þróunin í fjölda fastráðinna heilsugæslulækna misjöfn eftir heilbrigðisstofnunum og jafnvælinum starfsstöðvum heilbrigðisstofnananna. Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hefur verið nokkuð stöðugur frá 2010, þá voru 126 fastráðir heilsugæslulæknar en eru 120 árið 2018. Heildarfjöldi fastráðinna heilsugæslulækna hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands hefur farið úr 11 læknum árið 2010 í fimm árið 2018. Hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands hefur fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna verið stöðugur umrætt árabil. Samanburður á fjölda lækna hjá Heilsugæslunni á Akureyri (HAK) er aðeins mögulegur til ársins 2015 þegar HAK sameinaðist Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Setin stöðugildi fastráðinna heilsugæslulækna hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands voru 9,9 árið 2010 en 4,57 árið 2018. Auk þess hefur framkvæmdastjóri lækninga hjá stofnuninni, sem er sérfræðingur í heimilislækningum, sinnt 30% starfi í klíník frá árinu 2014. Hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands voru 18 fastráðir heimilislæknar árið 2010 en 14,5 árið 2018. Einn fastráðinn heimilislæknir var í Vestmannaeyjum fyrsta árið eftir að heilbrigðisstofnunin þar sameinaðist Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Þar er einn fastráðinn heimilislæknir í ár. Á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja voru 10,5 fastráðir heilsugæslulæknar árið 2010 en eru 15,3 í ár.

4. *Hver er fjöldi stöðugilda heilsugæslulækna á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu? Hversu margir læknar í þeim stöðugildum eru sérfræðingar í heimilislækningum? Svar óskast sundurliðað eftir heilbrigðisstofnunum í báðum tilvikum.*

Í fylgiskjali er sundurliðað svar við þessum lið fyrirspurnarinnar. Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins voru stöðugildi heilsugæslulækna 115,6 árið 2010 en 117 árið 2017. Alls 98 sérfræðingar í heimilislækningum voru starfandi 2010 en voru 88 árið 2017. Hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands voru stöðugildi heilsugæslulækna alls 15,3 árið 2010 en 14,5 árið 2018. Sérfræðingar í heimilislækningum voru 5,25 árið 2010 en eru 5 nú. Stöðugildi heilsugæslulækna hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands voru 17,7 árið 2010 en eru 17,5 í ár. Alls 11,4 stöðugildi voru setin af sérfræðingum í heimilislækningum en eru 9,3 í ár. Stöðugildi heilsugæslulækna á Heilsugæslunni á Akureyri voru 13 árið 2015 en eru nú 14,45. Sérfræðingar í heimilislækningum voru átta en eru nú níu. Hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands voru 10,67 stöðugildi heilsugæslulækna setin árið 2010 en eru nú 7,22. Sérfræðingum í heimilislækningum hefur fækkað úr 6,62 í 3,53. Samtals 19 stöðugildi heilsugæslulækna voru hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands árið 2010 en hefur fjölgæði 22,05. Öll 19 stöðugildin árið 2010 voru setin af sérfræðingum í heimilislækningum en nú er sú tala 16,7. Stöðugildi heilsugæslulækna í Vestmannaeyjum hafa verið fjögur frá því að sameiningin á Suðurlandi átti sér stað og í þeim hafa þrír sérfræðingar í heimilislækningum setið. Hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja voru 11,5 stöðugildi heilsugæslulækna árið 2010 en eru nú 15,3. Sérfræðingar í heimilislækningum sátu í 9,3 stöðugildum 2010 en í ár eru sérfræðingar í 7,4 stöðugildum.

Sjúkratryggingar Íslands fyrir hönd velferðarráðuneytisins leituðu eftir sambærilegum upplýsingum frá þeim fjórum einkareknu heilsugæslustöðvum sem starfandi eru á höfuðborgarsvæðinu. Svar barst eingöngu frá Heilsugæslunni Höfða. Þar starfa tíu heilsugæslulæknar sem allir eru sérfræðingar í heimilislækningum.

5. *Hversu margir heilsugæslulækna á Íslandi eru fastráðir og hversu margar stöður eru mannaðar með verktökulæknum, flokkað eftir heilbrigðisstofnunum?*

Í upplýsingum frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins kemur ekki fram hvort og þá hve

margir heilsugæslulæknar eru í verktöku, en fastráðnir læknar eru 126 í 115,6 stöðugildum. Hlutfall fastráðinna lækna og verktakalækna hjá heilbrigðisstofnunum er eftirfarandi:

Heilbrigðisstofnun Vesturlands – 5/9,5.  
 Heilbrigðisstofnun Norðurlands – 19,5/7,47.  
 Heilbrigðisstofnun Austurlands – 4,57/3,8.  
 Heilbrigðisstofnun Suðurlands – 16,5/8,55.

Á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja starfa fastráðnir læknar í 15,3 stöðugildum en þar starfar enginn læknir í verktöku.

*6. Hvaða áhrif telur ráðherra það hafa haft á mönnun í fastar stöður heilsugæslulækna á landsbyggðinni að ráða verktakalækna til starfa?*

Ráðherra leggur áherslu á að forstjórar heilbrigðisstofnana leitist við að manna stöður heilsugæslulækna með fastráðnum læknum og, ef mögulegt er, sérfræðingum í heimilislæknингum. Með slíkri mönnun má fullyrða að samfella í þjónustu verður meiri en ef tíðar breytingar eru á mönnun lækna. Nokkur aukning hefur orðið á fjölda þeirra lækna sem kjósa að starfa sem verktakar fremur en að fastráða sig. Að einhverju leyti stafar sú aukning af því að læknar vilja ekki binda sig til langframa í héruðum þar sem vaktabyrði er mikil. Með verktökusamningum semja læknar um sín laun við forstjóra viðkomandi heilbrigðisstofnunar og geta þá hugsanlega samið um betri starfskjör en ef þeir væru fastráðnir og tækju laun samkvæmt kjarasamningi ríkisins og Læknafélags Íslands.

*7. Telur ráðherra að vikið hafi verið frá samningsbundnum launakjörum við ráðningar heilsugæslulækna á landsbyggðinni, og ef svo er, telur hann að slikt sé æskilegt?*

Ráðherra er kunnugt um að heilsugæslulæknum á landsbyggðinni er í enhverjum tilfellum útvegað húsnaði á hagstæðum kjörum. Einnig að ferðakostnaður þeirra er greiddur í enhverjum tilfellum. Ráðherra telur að læknar eins og aðrar heilbrigðisstéttir eigi að njóta þeirra launa og starfskjara sem samið hefur verið um við viðkomandi stéttarfélag. Hins vegar kann að vera nauðsynlegt í enhverjum tilfellum að greiða læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki viðbótargreiðslur af einhverju tagi til að tryggja mönnun þannig að unnt sé að veita íbúum landsins örugga heilbrigðisþjónustu.

*8. Tekur ráðherra undir það sjónarmið, sem fram hefur komið, að heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni hafi ekki meiri og stundum minni kostnað af verktakalæknum en heilsugæslulæknum í föstu starfi?*

Heilsugæslulæknir sem er fastráðinn í starfi nýtur veikindaréttar, námsleyfis og annarra réttinda samkvæmt gildandi kjarasamningum hverju sinni. Læknir á verktakasamningi nýtur ekki sambærilegra réttinda. Því getur komið upp sú staða að ef fastráðinn læknir þarf á langtíma veikindaleyfi að halda geti verið kostnaðarminna fyrir heilbrigðisstofnanir að hafa lækni á verktakasamningi. Að mati ráðherra heyrir það þó til undantekninga.

## Fylgiskjal.

Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda		Þar af sérfræðingar í heimilislækningum	Fjöldi stöðugilda með verktökulæknum
		heilsugæslulækna	Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna		
2010	HVE Akranesi	4	4	1	0
2011	HVE Akranesi	4	4	1	0
2012	HVE Akranesi	4	4	1	0
2013	HVE Akranesi	4	4	1	0
2014	HVE Akranesi	4	4	1	0
2015	HVE Akranesi	4	4	1	0
2016	HVE Akranesi	4	0	0	4
2017	HVE Akranesi	4,5	0	0	4
2018	HVE Akranesi	4,5	0	0	4,5

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda		Þar af sérfræðingar í heimilislækningum	Fjöldi stöðugilda með verktökulæknum
		heilsugæslulækna	Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna		
2010	HVE Borgarnesi	3	1	1	0
2011	HVE Borgarnesi	3	1	1	0
2012	HVE Borgarnesi	3	1	1	0
2013	HVE Borgarnesi	3	1	1	0
2014	HVE Borgarnesi	3	1	1	0
2015	HVE Borgarnesi	3	1	1	0
2016	HVE Borgarnesi	3	2	2	1
2017	HVE Borgarnesi	3	2	2	1
2018	HVE Borgarnesi	3	2	2	1

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda		Þar af sérfræðingar í heimilislækningum	Fjöldi stöðugilda með verktökulæknum
		heilsugæslulækna	Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna		
2010	HVE Búðardal	2	1	1	0
2011	HVE Búðardal	1	1	1	0
2012	HVE Búðardal	1	1	1	0
2013	HVE Búðardal	1	1	1	0
2014	HVE Búðardal	1	1	1	0
2015	HVE Búðardal	1	1	1	0
2016	HVE Búðardal	1	1	1	0
2017	HVE Búðardal	1	1	1	0
2018	HVE Búðardal	1	1	1	0

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda		Þar af sérfræðingar í heimilislækningum	Fjöldi stöðugilda með verktökulæknum
		heilsugæslulækna	Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna		
2010	HVE Grundarfirði	1	1	1	0
2011	HVE Grundarfirði	1	1	1	0
2012	HVE Grundarfirði	1	0	0	1
2013	HVE Grundarfirði	1	0	0	1
2014	HVE Grundarfirði	1	0	0	1
2015	HVE Grundarfirði	1	0	0	1
2016	HVE Grundarfirði	1	0	0	1
2017	HVE Grundarfirði	1	0	0	1
2018	HVE Grundarfirði	1	0	0	1

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda		Þar af sérfræðingar í heimilislækningum	Fjöldi stöðugilda með verktökulæknum
		heilsugæslulækna	Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna		
2010	HVE Hólmavík	1	1	1	0
2011	HVE Hólmavík	1	1	1	0
2012	HVE Hólmavík	1	0	0	1
2013	HVE Hólmavík	1	0	0	1
2014	HVE Hólmavík	1	0	0	1
2015	HVE Hólmavík	1	0	0	1
2016	HVE Hólmavík	1	0	0	1
2017	HVE Hólmavík	1	0	0	1
2018	HVE Hólmavík	1	0	0	1

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda		Þar af sérfræðingar í heimilislækningum	Fjöldi stöðugilda með verktökulæknum
		heilsugæslulækna	Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna		
2010	HVE Hvammstanga	2	0,7	0,25	1
2011	HVE Hvammstanga	2	0	0	2
2012	HVE Hvammstanga	2	0	0	2
2013	HVE Hvammstanga	2	0	0	2
2014	HVE Hvammstanga	2	0	0	2
2015	HVE Hvammstanga	2	0	0	2
2016	HVE Hvammstanga	2	2	2	0
2017	HVE Hvammstanga	2	2	2	0
2018	HVE Hvammstanga	2	2	2	0

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda		Þar af sérfræðingar í heimilislækningum	Fjöldi stöðugilda með verktökulæknum
		heilsugæslulækna	Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna		
2010	HVE Ólafsvík	1	1	0	0
2011	HVE Ólafsvík	1	0	0	1
2012	HVE Ólafsvík	1	0	0	1
2013	HVE Ólafsvík	1	0	0	1
2014	HVE Ólafsvík	1	0	0	1
2015	HVE Ólafsvík	1	0	0	1
2016	HVE Ólafsvík	1	0	0	1
2017	HVE Ólafsvík	1	0	0	1
2018	HVE Ólafsvík	1	0	0	1

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda		Þar af sérfræðingar í heimilislækningum	Fjöldi stöðugilda með verktökulæknum
		heilsugæslulækna	Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna		
2010	HVE Stykkishólmi	1,3	1,3	0	0
2011	HVE Stykkishólmi	1	0	0	1
2012	HVE Stykkishólmi	1	0	0	1
2013	HVE Stykkishólmi	1	0	0	1
2014	HVE Stykkishólmi	1	0	0	1
2015	HVE Stykkishólmi	1	0	0	1
2016	HVE Stykkishólmi	1	0	0	1
2017	HVE Stykkishólmi	1	0	0	1
2018	HVE Stykkishólmi	1	0	0	1

## Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda heilsugæslulækna	Þar af fjöldi sérfræðinga í heimilislækningum		Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna	Þar af sérfræðingar í heimilislækningum	Fjöldi stöðugilda með verktökulæknunum
2010	Þorlákshöfn	1		1	1	1	1
2011	Þorlákshöfn	1		1	1	1	1
2012	Þorlákshöfn	1		1	1	1	1
2013	Þorlákshöfn	1		1	1	1	1
2014	Þorlákshöfn	1		1	1	1	1
2015	Þorlákshöfn	1		1	1	1	1
2016	Þorlákshöfn	1		1	1	1	1
2017	Þorlákshöfn	1		1	1	1	1
2018	Þorlákshöfn	1		0	1	1	1

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda heilsugæslulækna	Þar af fjöldi sérfræðinga í heimilislækningum		Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna	Þar af sérfræðingar í heimilislækningum	Fjöldi stöðugilda með verktökulæknunum
2010	Hveragerði	2		2	2	2	2
2011	Hveragerði	2		2	2	2	2
2012	Hveragerði	2		2	2	2	2
2013	Hveragerði	2		2	2	2	2
2014	Hveragerði	2		2	2	2	2
2015	Hveragerði	2		2	2	2	2
2016	Hveragerði	2		2	2	2	2
2017	Hveragerði	2		2	2	2	2
2018	Hveragerði	3*		2	2	2	2

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda heilsugæslulækna	Þar af fjöldi sérfræðinga í heimilislækningum		Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna	Þar af sérfræðingar í heimilislækningum	Fjöldi stöðugilda með verktökulæknunum
2010	Selzfoss	9		9	9	9	9
2011	Selzfoss	9		9	9	9	9
2012	Selzfoss	9		9	9	9	9
2013	Selzfoss	9		9	9	9	9
2014	Selzfoss	9		9	9	9	9
2015	Selzfoss	11,3*		7	7	7	11,3
2016	Selzfoss	11,3*		7	7	7	11,3
2017	Selzfoss	11,3*		7	7	7	11,3
2018	Selzfoss	11,3*		7	7	7	11,3

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda heilsugæslulækna	Þar af fjöldi sérfræðinga í heimilislækningum		Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna	Þar af sérfræðingar í heimilislækningum	Fjöldi stöðugilda með verktökulæknunum
2010	Laugarás	2		2	2	2	2
2011	Laugarás	2		2	2	2	2
2012	Laugarás	2		2	2	2	2
2013	Laugarás	2		2	2	2	2
2014	Laugarás	2		2	2	2	2
2015	Laugarás	2		2	2	2	2
2016	Laugarás	2		2	2	2	2
2017	Laugarás	2		2	1	1	2
2018	Laugarás	2		2	2	2	2

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda		Þar af fjöldi sérfræðinga í heimilislækningum	Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna	Þar af sérfræðingar í heimilislækningum með verktökum		Fjöldi stöðugilda með verktökum
		Fjöldi heilsugæslulækna	heilsugæslulækna			heimsfjöldi	heimsfjöldi	
2010	Rangárþing	3	3	3	2			
2011	Rangárþing	3	3	3	2			
2012	Rangárþing	2,5	2,5	2,5	2			
2013	Rangárþing	2,5	2,5	2,5	2			
2014	Rangárþing	2,5	2,5	2,5	2			
2015	Rangárþing	2,75	2,75	2,75	0,75			2,75
2016	Rangárþing	2,75	2,75	2,75	0,75			2,75
2017	Rangárþing	2,75	2,75	2,75	0			2,75
2018	Rangárþing	2,75	2,75	2,75	0			2,75

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda		Þar af fjöldi sérfræðinga í heimilislækningum	Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna	Þar af sérfræðingar í heimilislækningum með verktökum		Fjöldi stöðugilda með verktökum
		Fjöldi heilsugæslulækna	heilsugæslulækna			heimsfjöldi	heimsfjöldi	
2010	Vík	1	1	1	1	1	1	1
2011	Vík	1	1	1	1	1	1	1
2012	Vík	1	1	1	1	1	1	1
2013	Vík	1	1	1	1	1	1	1
2014	Vík	1	1	1	1	1	1	1
2015	Vík	1	1	1	1	1	1	1
2016	Vík	1	1	1	1	1	1	1
2017	Vík	1	1	1	1	1	1	1
2018	Vík	1	1	1	1	1	1	1

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda		Þar af fjöldi sérfræðinga í heimilislækningum	Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna	Þar af sérfræðingar í heimilislækningum með verktökum		Fjöldi stöðugilda með verktökum
		Fjöldi heilsugæslulækna	heilsugæslulækna			heimsfjöldi	heimsfjöldi	
2010	Kirkjubæjarklaustur	1	1	1	1			
2011	Kirkjubæjarklaustur	1	1	1	1			
2012	Kirkjubæjarklaustur	1	1	1	1			
2013	Kirkjubæjarklaustur	1	1	1	0,5			0,5
2014	Kirkjubæjarklaustur	1	1	1	0,5			0,5
2015	Kirkjubæjarklaustur	1	1	1	0,5			0,5
2016	Kirkjubæjarklaustur	1	1	1	0,5			0,5
2017	Kirkjubæjarklaustur	1	1	1	0,5			0,5
2018	Kirkjubæjarklaustur	1	1	1	0,5			0,5

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda		Þar af fjöldi sérfræðinga í heimilislækningum	Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna	Þar af sérfræðingar í heimilislækningum með verktökum		Fjöldi stöðugilda með verktökum
		Fjöldi heilsugæslulækna	heilsugæslulækna			heimsfjöldi	heimsfjöldi	
2010	Vestmannaeyjar							
2011	Vestmannaeyjar							
2012	Vestmannaeyjar							
2013	Vestmannaeyjar							
2014	Vestmannaeyjar							
2015	Vestmannaeyjar	4*	3	3	1	1	1	4
2016	Vestmannaeyjar	4*	3	3	2	2	2	4
2017	Vestmannaeyjar	4*	3	3	2	2	2	4
2018	Vestmannaeyjar	4*	3	3	1	1	1	4

\*sérnáms og unglæknar

## Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda		Þar af fjöldi sérfraðinga í heimilislækningum	Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna	Þar af sérfraðingar í heimilislækningum	Fjöldi stöðugilda	
		Fjöldi heilsugæslulækna	með verktökulæknunum					
2010	Reykjanesbær	9,8		7,6	8,8	6,9	0	
2010	Grindavík	1,7		1,7	1,7	1,7	0	
2011	Reykjanesbær	14,8		8,9	11,8	8,9	0	
2011	Grindavík	1		1	1	1	0	
2012	Reykjanesbær	15,1		8,2	10,1	7,2	0	
2012	Grindavík	1		1	1	1	0	
2013	Reykjanesbær	16,2		5,2	7,2	5,2	0	
2013	Grindavík	1		1	1	1	0	
2014	Reykjanesbær	14,6		7,9	14,6	7,9	0	
2014	Grindavík	1		1	1	1	0	
2015	Reykjanesbær	14,8		7,7	14,8	7,7	0	
2015	Grindavík	1		1	1	1	0	
2016	Reykjanesbær	14,2		7	14,2	7	0	
2016	Grindavík	1		1	1	1	0	
2017	Reykjanesbær	14,3		6,3	14,3	6,3	0	
2017	Grindavík	1		1	1	1	0	
2018	Reykjanesbær	14,3		6,4	14,3	6,4	0	
2018	Grindavík	1		1	1	1	0	

## Heilbrigðisstofnun Norðurlands.

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda		Þar af fjöldi sérfraðinga í heimilislækningum	Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna	Þar af sérfraðingar í heimilislækningum	Fjöldi stöðugilda	
		Fjöldi heilsugæslulækna	með verktökulæknunum					
2010	Húsavík	4,2		2	2	2	0,00	
2011	Húsavík	4,2		2	2	2	0,00	
2012	Húsavík	4,2		2	2	2	0,00	
2013	Húsavík	4,2		2	2	2	0,00	
2014	Húsavík	4,2		2	2	2	0,20	
2015	Húsavík	3,63		2	2	2	0,48	
2016	Húsavík	4,02		2	2	2	1,09	
2017	Húsavík	4,09		2	2	2	1,36	
2018	Húsavík	3,73		1	1,1	1	2,47	

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda		Þar af fjöldi sérfraðinga í heimilislækningum	Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna	Þar af sérfraðingar í heimilislækningum	Fjöldi stöðugilda	
		Fjöldi heilsugæslulækna	með verktökulæknunum					
2010	Norður-Pingeyjarsýsla	1,6		1,6	2	1	0,6	
2011	Norður-Pingeyjarsýsla	1,6		1,6	1	1	0,6	
2012	Norður-Pingeyjarsýsla	1,6		1,6	1	1	0,6	
2013	Norður-Pingeyjarsýsla	1,6		1,6	0	1	1,6	
2014	Norður-Pingeyjarsýsla	1,78		1,6	0	0	1,78	
2015	Norður-Pingeyjarsýsla	1,54		1	1	1	0,71	
2016	Norður-Pingeyjarsýsla	1,66		1,5	2	2	0,16	
2017	Norður-Pingeyjarsýsla	1,72		1,5	2	2	0,14	
2018	Norður-Pingeyjarsýsla	1,50		1,5	2	2	0,00	

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda		Þar af fjöldi sérfraðinga í heimilislækningum	Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna	Þar af sérfraðingar í heimilislækningum	Fjöldi stöðugilda	
		Fjöldi heilsugæslulækna	með verktökulæknunum					
2010	Akureyri						0	
2011	Akureyri						0	
2012	Akureyri						0	
2013	Akureyri						0	
2014	Akureyri		8				0	
2015	Akureyri	12,97		8,5	9	9	0	
2016	Akureyri	13,77		8,4	9	9	0	
2017	Akureyri	15,14		8,9	8,5	8,5	0	
2018	Akureyri	14,45		9	9	8,5	0	

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Þar af fjöldi stöðugilda				Fjöldi stöðugilda með verktökum
		Fjöldi stöðugilda heilsugæslulækna	heimilislækningum	Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna	Þar af sérfræðingar í heimilislækningum	
2010	Dalvík	2,1	2	2	2	
2011	Dalvík	2,1	2	2	2	
2012	Dalvík	2,1	2	2	2	
2013	Dalvík	2,1	2	2	2	
2014	Dalvík	2,1	2	2	2	
2015	Dalvík	2,1	2	1	1	
2016	Dalvík	2,3	1,5	1,1	1,1	0,2
2017	Dalvík	2,8	1,4	1,4	1,4	0,5
2018	Dalvík	2,1	2	2	2	

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Þar af fjöldi stöðugilda				Fjöldi stöðugilda með verktökum
		Fjöldi stöðugilda heilsugæslulækna	heimilislækningum	Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna	Þar af sérfræðingar í heimilislækningum	
2010	Fjallabyggð	2,8	2,8	2,4	2,4	
2011	Fjallabyggð	2,8	2,8	2,4	2,4	
2012	Fjallabyggð	2,8	2,8	2,4	2,4	
2013	Fjallabyggð	2,8	2,8	2,4	2,4	
2014	Fjallabyggð	2,8	2,8	2,4	2,4	0
2015	Fjallabyggð	2,71	2,71	2,4	2,4	0
2016	Fjallabyggð	2,83	2,83	2,4	2,4	0
2017	Fjallabyggð	2,68	2,68	2,4	2,4	0
2018	Fjallabyggð	2,90	2,40	2,4	2,4	0,5

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Þar af fjöldi stöðugilda				Fjöldi stöðugilda með verktökum
		Fjöldi stöðugilda heilsugæslulækna	heimilislækningum	Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna	Þar af sérfræðingar í heimilislækningum	
2010	Sauðárkrókur	5	3	3	3	
2011	Sauðárkrókur	5	3	3	3	
2012	Sauðárkrókur	5	3	3	3	
2013	Sauðárkrókur	5	3	3	3	
2014	Sauðárkrókur	5	3	3	3	0,4
2015	Sauðárkrókur	5,34	2,5	3	3	0,3
2016	Sauðárkrókur	4,77	2,4	3	3	1,6
2017	Sauðárkrókur	4,90	2,4	3	3	2,1
2018	Sauðárkrókur	5,04	2,4	3	3	2,0

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Þar af fjöldi stöðugilda				Fjöldi stöðugilda með verktökum
		Fjöldi stöðugilda heilsugæslulækna	heimilislækningum	Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna	Þar af sérfræðingar í heimilislækningum	
2010	Blönduós	2	0	0	0	2
2011	Blönduós	2	0	0	0	2
2012	Blönduós	2	0	0	0	2
2013	Blönduós	2	0	0	0	2
2014	Blönduós	2	0	0	0	2
2015	Blönduós	2,25	0	0	0	2
2016	Blönduós	2,22	0	0	0	2
2017	Blönduós	2,21	0	0	0	2
2018	Blönduós	2,20	0	0	0	2

## Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda heilsugæslulækna	Fjöldi stöðugilda heilsugæslulækna	Þar af fjöldi sérfræðinga í heimilislækningu			Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna	Þar af sérfræðingar í heimilislækningu		Fjöldi stöðugilda með verktökulæknunum
					1			1	1	
2010	Djúpivogur	1,3	1,06		1		1	1	1	0
	Fjarðabyggð	3,3	1,72	1,06			1,26	1,06	1,06	0
	Neskaupstaður	2,3	1	0			1	0	0	0
	Seyðisfjörður	1,3	1,48	1,48			1,48	1,48	1,48	0
	Egilstaðir	5,3	4,36	2,08			4,16	2,08	2,08	0
	Vopnafjörður	1,3	1,05	1			1	1	1	0
2011	Djúpivogur	1,3	1,07	0,73			0,73	0,73	0,73	0
	Fjarðabyggð	3,3	2,38	1,06			1,17	1,06	1,06	0,25
	Neskaupstaður	2,3	1,53	0			1,53	0	0	0
	Seyðisfjörður	1,3	1,83	1,83			1,83	1,83	1,83	0
	Egilstaðir	5,3	4,51	2,7			4,48	2,7	2,7	0
	Vopnafjörður	1,3	1,01	1,01			1,01	1,01	1,01	0
2012	Djúpivogur	1,3	0,2	0,14			0,14	0,12	0,12	1
	Fjarðabyggð	3,3	2,84	1,02			2,06	1,02	1,02	0,25
	Neskaupstaður	2,3	1,08	0			1,08	0	0	0
	Seyðisfjörður	1,3	1,81	1,81			1,81	1,81	1,81	0
	Egilstaðir	5,3	4,24	2,38			3,72	2,38	2,38	0
	Vopnafjörður	1,3	1,16	1			1,04	1	1	0
2013	Djúpivogur	1,3	0,44	0,24			0,39	0,24	0,24	1
	Fjarðabyggð	3,3	2,35	0,71			2,35	0,71	0,71	0,25
	Neskaupstaður	2,3	1,07	0			1,07	0	0	0
	Seyðisfjörður	1,3	1,9	1,9			1,9	1,9	1,9	0
	Egilstaðir	5,3	4,6	2,5			4,6	2,5	2,5	0
	Vopnafjörður	1,3	1	1			1	1	1	0,025
2014	Djúpivogur	1,3	0,017	0,017			0,017	0,017	0,017	0,9
	Fjarðabyggð	3,3	2,52	0			2,52	0	0	0,17
	Neskaupstaður	2,3	1,01	0			1,01	0	0	0,19
	Seyðisfjörður	1,3	1,57	1,57			1,57	1,57	1,57	0,3
	Egilstaðir	5,3	4,61	2,31			4,61	2,31	2,31	0,03
	Vopnafjörður	1,3	1,02	1			1,02	1	1	0,27
2015	Djúpivogur	1,3	0,02	0			0	0	0	1
	Fjarðabyggð	3,3	2,57	0			2,32	0	0	0,17
	Neskaupstaður	2,3	0,49	0			0,33	0	0	0,5
	Seyðisfjörður	1,3	1,08	1,07			1,07	1,07	1,07	0,3
	Egilstaðir	5,3	4,33	2,3			4,15	2,3	2,3	0,03
	Vopnafjörður	1,3	1	1			1	1	1	0,27
2016	Djúpivogur	1,3	0	0			0	0	0	1
	Fjarðabyggð	3,3	1,92	0			1,86	0	0	1
	Neskaupstaður	2,3	1,12	0			1,08	0	0	0
	Seyðisfjörður	1,3	0,98	0,9			0,98	0,9	0,9	0,3
	Egilstaðir	5,3	3,43	1,73			3,25	1,73	1,73	0,25
	Vopnafjörður	1,3	1	1			1	1	1	0,27
2017	Djúpivogur	1,3	0,07	0,04			0,03	0,04	0,04	1
	Fjarðabyggð	3,3	1,1	0			1,1	0	0	1,5
	Neskaupstaður	2,3	1,3	0			1,3	0	0	0
	Seyðisfjörður	1,3	0,9	0,9			0,9	0,9	0,9	0,03
	Egilstaðir	5,3	2,68	1,55			1,7	1,1	1,1	1
	Vopnafjörður	1,3	1	1			1	1	1	0
2018	Djúpivogur	1,3	0,08	0			0,08	0	0	1
	Fjarðabyggð	3,3	0,87	0			0,15	0	0	1,5
	Neskaupstaður	2,3	1,34	0			1,34	0	0	0
	Seyðisfjörður	1,3	1,08	1,08			0,9	0,9	0,9	0,3
	Egilstaðir	5,3	2,85	1,45			1,1	1,1	1,1	0,7
	Vopnafjörður	1,3	1	1			1	1	1	0,3

Frá og með janúar 2014 sinnir Framkvæmdastjóri lækninga sem er sérfræðingur í heimilislækningu ca. 30% á mánuði í klíník. Það dreifist á margar starfstöðvar en er ekki inn í tölunum hérna fyrir ofan.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH).

Ártal	Staðsetning heilsugæslu	Fjöldi stöðugilda heilsugæslulækna	Þar af fjöldi sérfraðinga í heimilislækningum	Fjöldi fastráðinna heilsugæslulækna	Þar af sérfraðingar í heimilislækningum	Fjöldi stöðugilda með verktökulæknum
2010	15 stöðvar HH	115,6	98	126	98	115,6
2011	15 stöðvar HH	116,3	92	126	92	116,3
2012	15 stöðvar HH	124,9	88	126	88	124,9
2013	15 stöðvar HH	126,9	91	133	91	126,9
2014	15 stöðvar HH	116,5	90	121	90	116,5
2015	15 stöðvar HH	111,8	91	114	91	114,66
2016	15 stöðvar HH	116,6	96	130	96	117,77
2017	15 stöðvar HH	117	88	120	88	117